

Viðauki 2 - Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar

Katla UNESCO Global Geopark (Katla jarðvangur) er fyrsti jarðvangur Íslands, stofnaður í nóvember 2010. Katla jarðvangur hefur aðild að netverki evrópskra jarðvanga (*European Geoparks Network*, e.d.) og alþjóðlegu neti hnattræna UNESCO jarðvanga (*UNESCO Global Geoparks (UGGp)*, e.d.). Að baki Kötlu jarðvangs standa þrjú sveitarfélög, Rangárþing eystra með 2.035 íbúa, Mýrdalshreppur með 877 íbúa og Skaftárhreppur með 680 íbúa, og fylgir svæði jarðvangsins mörkum þeirra. Katla jarðvangur nær yfir 9.542 km² landsvæði og þekur rúmlega 9% af flatarmáli landsins, frá Hvolsvelli í vestri að Skeiðarársandi í austri. Nyrsti hluti jarðvangsins teygir sig langt inn á Vatnajökul en langar strendur af svörtum sandi afmarka jarðvanginn í suðri. Þéttbýliskjarnar í Kötlu jarðvangi eru Hvolsvöllur, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur.

Jarðvangar eru samfelld landfræðileg svæði, þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvæg á heimsvísu, er stýrt eftir heildrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun. Markmið jarðvangsins er að draga fram sérstöðu svæðisins, þá einkum jarðminjar ásamt öðrum náttúru- og menningarminjum svæðisins, til að auka skilning á verðmætum þess, enda hefur svæðið hlotið vottun UNESCO fyrir alþjóðlega mikilvægar jarðminjar. Ferðamannastaðir sem eru viðurkenndir af UNESCO eru eftirsóttir af mörgum ferðamönnum m.a. vegna verndunar, sjálfbærni, fræðslu og menningar. Helsta markmið jarðvangsins er því að stuðla að náttúruvernd en ekki síður að sjálfbærri þróun á svæðinu sem í dag byggir að mestu leyti á ferðaþjónustu.

Jarðvangurinn vinnur í góðu samstarfi við sveitarfélög, landeigendur, stofnanir og fyrirtæki að því að efla jarðvanginn. Það gerir hann í alls konar innlendum og erlendum samstarfsverkefnum sem tengjast helst fræðslu, verndun, markaðssetningu og jarðferðamennsku. Vörur sem hafa verið handgerðar í jarðvanginum eru sérstaklega merktar og fá góða markaðssetningu í gegnum alþjóðlegt netverk Kötlu jarðvangs.

Katla jarðvangur er staðsettur á einu virkasta eldfjallasvæði landsins, þar finnast stórkostlegar landslagsheildir, fjölbreytt lífríki, alþjóðlega mikilvæg búsvæði fugla og votlendissvæði, og rík menning.

Undanfarin ár hefur ferðaþjónusta orðið að aðalvinnugrein svæðisins og ein af stöðum samfélagsins. Náttúran og fjölbreytileikinn er það sem laðar helst að. Tækifærum fyrir ferðaþjónustu á svæðinu hefur fjölgað og eru mörg orðin býsna fjölbreytt. Í áfangastaðaáætlun jarðvangsins, sem Nohnik vann árið 2018, er sameiginleg yfirlýsing um framtíðarsýn jarðvangsins:



„Við stefnum að því að ná jafnvægi á milli vistrænna og hagrænna hagsmuna, og hagsmuna upplifunar ferðamanna með því að vernda hið náttúrulega umhverfi, stuðla að staðbundinni sjálfbærri þróun til langs tíma, sem styður við og eflir menningu á staðnum og leggur mikla áherslu á sjálfbæra náttúruferðamennsku þar sem gildi upplifunar ferðamanna er mikils metið.“
(ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN - Katla | Geopark, e.d.)

Í jarðvanginum hafa sveitarfélögin skilgreint 81 áfangastaði, svokölluð jarðvætti (e. *geosites*). Meðal þessara jarðvætta eru margar af vinsælustu náttúruperlum Íslands, t.d. Seljalandsfoss, Skógafoss, Reynisfjara, Dyrhólaey, Fjaðrárgljúfur, Lakagígar og Eldgjá. Jarðvættin eru ýmist skilgreind mikilvæg í jarðfræðilegum skilningi, menningarlegum eða hvorutveggja. Sumir staðir höfða vel til markaðssetningar og þola vel innviðaupbygginu á meðan aðrir henta betur til sértækari markhópa svo sem við kennslu eða til rannsókna. Með aðild að UNESCO Global Geoparks hefur stjórn jarðvangsins einsett sér að byggja upp og nýta þessa áfangastaði til að efla sjálfbæra jarðferðamennsku. Aðkoma jarðvangsins að uppbyggingu á svæðinu hefur verið mikil og má víða sjá fræðsluskilti, áningarstaði og innviði. Einnig hefur jarðvangurinn komið að útgáfu göngukorta og fræðsluefnis, og einnig haldið námskeið fyrir ferðapjónustu en fræðsla er eitt af kjarnaverkefnum hans.



Vestmannaeyjar eru eyjaklasi út af suðurströnd Íslands, ýmist taldar 15 eða 18 eyjar auk nærri 30 skerja og dranga. Eyjarnar hafa allar myndast við eldsumbrot og hlaðist upp á gossprungum, sem stefna frá suðvestri til norðausturs. Frá Surtsey, sem er lengst til suðvesturs, og til Elliðaeyjar, sem er lengst til norðausturs, Vestmannaeyjar liggja á nærri því beinni línu, sem er rúmlega 31 km á lengd. Heimaey er stærsta eyjan og sú eina sem er byggð. Vestmannaeyjabær telur 4.523 íbúa í janúar 2023.

Vestmannaeyjar eru auðugar af sögu sem nær frá landnámi, mannlífi, fuglalífi og eldsumbrotum. Síðast gaus í Heimaey árið 1973 þar sem flest allir íbúar eyjarinnar þurftu að flýja upp á land og 417 hús, af 1350 húsum í bænum urðu hrauninu að bráð. Sögu Heimaeyjargossins hefur verið gefið líf með byggingu safnsins Eldheimar en á safninu má sjá heimili sem áður lá undir hrauninu og hefur verið grafið upp. Eldheimar sem segja frá þeim áskorunum, tíðaranda sem var í gosinu, hvaða áhrif gosið hafði á eyjarnar og uppbyggingu eftir goslok.

Nýjasta eyjan í eyjaklasanum er Surtsey, sem er á heimsminjaskrá UNESCO, en hún myndaðist í gosi sem var á tímabilinu 1963-1967. Surtsey er friðuð og er algjört bann við ferðum manna í eyjuna fyrir utan vísindamanna. Sýning er um eyjuna í Eldheimum. Þó svo að Vestmannaeyjar séu ekki hluti af Kötlu UNESCO jarðvangi þá eru eyjarnar hluti af sama goskerfi og Heimaeyjargosið, það eina sem orðið hefur á seinni tíð á Íslandi með áður nefndum afleiðingum.

Þó svo að Vestmannaeyjar sé ekki stór í landrými búa eyjarnar yfir fjölmörgum áhugaverðum stöðum líkt og Eldfell, Helgafell, Heimaklett, Herjólfssdal og Stórhöfða svo að dæmi séu nefnd. Fjölbreytt ferðaþjónusta er á svæðinu sem býr yfir söfnum, sýningum, fjölbreyttum veitingastöðum, gistingu og afþreyingu ýmiskonar.


Landeyjarhöfn í Rangárþingi eystra er helsta samgönguhöfnin á milli lands og Eyja. Vestmannaeyjabær er stærsta þéttbýlið á svæði Kötlu jarðvangs & Vestmannaeyja.

Virðiskeðjan og töluleg gögn



VIRÐISKEÐJA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR – KATLA JARÐVANGUR & VESTMANNAEYJAR

Því stærri hluti af virðisikeðjunni er framleiddur/unnin á svæðinu - Meira virði er skilið eftir á svæðinu fyrir samfélagið þar.



VIRÐI SEM VERÐUR TIL Á SVÆÐINU

STARFSEMI SEM STYÐUR VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU

SVITARFÉLÖG	MARKAÐSSTOFA SUÐURLAND	MENNTUN	SAMSKIPTI	HEILBRIGÐI OG ÖRYGGI	SAMGÖNGUR	SAMTÖK OG OPINBERAR STOFNANIR
FERÐAMÁLAFULLTRÚAR	SAMRÆMT MARKAÐSSTARF	HÁSKÓLAFÉLÖG / ÞEKKINGARSETUR	FRÉTTAMIÐLAR OG AÐRIR MIÐLAR	LÖGREGLAN, HSU, SLÖKKVILID OG BJÖRGUNARSVEITIR	VEGAKERFI	FERÐAMÁLASAMTÖK, KLASAR OG ÖNNUR HAGSMUNASAMTÖK
SKIPULAG OG UPPBYGGING	ÁFANGASTAÐAÆTLUN	FRÆDSLUMIÐSTÖÐVAR	SÍMAFYRIRTÆKI	UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR / GESTASTOFUR	ALMENNINGSSAMGÖNGUR	SASS
UMHVERFISMÁL	TENGING VIÐ MISMUNANDI HAGSMUNAÐILA	FRAMHALDSKÓLAR	LJÓSLÉIÐARI	LÝÐHEILSA / HEILSUEFLANDI SAMFÉLÖG	FLUG- OG FERJUSAMGÖNGUR	PJÓÐGARÐAR, UMHVERFISSTOFNUN
UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR/ SKILTI / MARKERINGAR	HAGSMUNAGÆSLA	AÐRIR RÁÐGLJAFAR OG FRÆDSLUAÐILAR	4G/5G	SAFETRAVEL, RAUÐI KRÖSSINN OG AÐRIR VIÐBRAGÐSADILAR	BENSÍN- OG HLEÐSLUSTÖÐVAR	MINJASTOFNUN, SKÓGRÆKTIN OG JARÐVANGUR

INNVIÐI SUÐURLANDS ER STYÐJA VIÐ FERÐAÞJÓNUSTUNA OG SAMFÉLAGIÐ ÖBEN ÁHRIF



Markaðsstofa Suðurlands

SVÓT greining

Send var út könnun til sveitarfélaga, aðildarfélaga Markaðsstofunnar og annara sem tilheyrta svæði Kötlu jarðvangs & Vestmannaeyjum. Meðal annars voru svarendur beðnir að fylla inn í SVÓT greiningu svæðisins til að fá betri mynd af stöðu og tækifæri svæðisins. Gæta þess í túlkun greiningarinnar að um tvö ólík svæði, annarsvegar svæðið upp á landi og hins vegar eyjarnar og geta áskoranir verið misjafnar eftir staðsetningu.

Styrkleikar Kötlu jarðvangs & Vestmanneyja

Helstu styrkleikar svæðisins er náttúran enda býr svæðið yfir fjölbreyttum náttúruþerlum á sjó og landi. Svæðið býr yfir einstakri eldgosasögu, bæði á sjó og landi sem er einstakt aðdráttarafl sem nýtt er í sögur, sýningar og söfn. Einnig er einstakt fuglalíf á svæðinu þar sem meðal annars má nefna fjölmennasta lundabyggð heims í Vestmannaeyjum og varpsvæði mófugla eitt það mikilvægasta á alþjóðlegri vísu. Uppi á landi er svæðið eitt af hliðunum inn á hálendi Íslands og aðgengi er auðvelt að helstu stöðum. Í Vestmannaeyjum er fjölbreytt framboð veitingastaða og afþreyingar, þar á meðal einn besti golfvöllur landsins. Í heildina eru samgöngur og vegakerfi góð á svæðinu, með tilkomu nýja Herjólfs hafa samgöngur til Eyja batnað til muna og flesta daga hægt að stóla á samgöngur til Landeyjahafnar.



Orðaský styrkleika Kötlu jarðvangs & Vestmannaeyja samkvæmt svörum þátttakenda í opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, aðildarfyritækja og fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, des 2020.

Veikleikar Kötlu jarðvangs & Vestmanneyja

Til að taka eitthvað fram þá svöruðu þátttakendur helst því að ekki væri nægilega sterkur fókus á svæðinu, sjálfsmyndin brotin, skortur á framtíðarsýn, skortur á sýnileika Vestmannaeyja, skortur væri á heildrænni samvinnu og lítið samstarf fyrirtækja svo að dæmi séu tekin, betur má sjá svörin í orðaskýinu til hliðar. Það sem snýr að samgöngumálum þá þykir þjóðvegurinn of mjór, það vanti axlir á þjóðveginn og almenningsamgöngur eru ekki nægilega góðar á milli staða og þá sérstaklega utan háannar.



Orðaský um veikleika Kötlu jarðvangs & Vestmannaeyja samkvæmt svörum þátttakenda í opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, aðildarfyrirtækja og fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, des 2020.

Ógnanir Kötlu jarðvangs & Vestmanneyja

Þær ógnanir sem svarendur tóku fram snúa helst að sterkari áfangastöðum og Reykjavík. Í því ástandi sem hefur verið síðasta ár vegna COVID er ákveðin ógn að „spekileki“ verði á svæðinu, það er að sú þekking sem búið var að byggja upp á svæðinu sé ekki eins mikið til staðar. Skilningsleysi stjórnvalda, of stutt ferðatímabil, stórfyrirtæki utan svæðisins, krísur, pestir, náttúruhamfarir, íslenska krónan og ósjálfbær nýting kom einnig fram hjá svarendum sem ógn við svæðið. Sumt er þess eðlis að ekki er hægt að stýra því líkt og náttúruhamfarir og verður sú ógn ávallt til staðar. Aðrir þættir eru þess eðlis að hægt er að vinna í og lágmarka ógnina líkt og skilningsleysi stjórnvalda er hægt að vinna með auknu samtali og gögnum, að vinna með sjálfbærnishugsun hjá fyrirtækjum, stjórnvöldum, íbúum og gestum svo að dæmi séu tekin.



Orðaský um ógnanir Kötlu jarðvangs & Vestmannaeyja samkvæmt svörum þátttakenda í opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, aðildarfyrirtækja og fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, des 2020.

Tækifæri Kötlu jarðvangs & Vestmanneyja

Tækifæri eru verkfæri sem nýtast í að betrumbæta áfangastaðinn, auka við vörupróun og nýsköpun og fjölbreytileika í störfum. Tækifærin sem listuð voru upp eru mataraauðurinn, sterkari fókus á markhópa, umhverfisvitund fyrirtækja, aukinn sýnileiki Vestmannaeyja, útivistaferðamennska, meiri afþreying, náttúran, styrking mannauðsins og nálægðin við höfuðborgarsvæðið svo að dæmi séu tekin. Vinna meira með sögu svæðisins, sérstöðu og matarhefðir sem dæmi, sýna betur fyrir hvað svæðið í heild sinni stendur. Vinna meira með eldvirknina og þau flottu söfn og sýningar því tengdu og eru aðgengileg allt árið um kring. Eins og sést eru tækifærin fjölbreytt á svæðinu og endurspeglar það þá þjartsýni og jákvæðni sem svæðið hefur yfir að ráða.



Orðaský um tækifæri Kötlu jarðvangs & Vestmannaeyja samkvæmt svörum þátttakenda í opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, aðildarfyrirtækja og fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, des 2020.

- Uppbygging eftir Covid
- Almenn uppbygging áfangastaða.
- Fáir stórir áfangastaðir, dreifa ferðamönnum meira.
- Halda jarðvanginum á lofti og efla hann.
- Samgöngur innan svæðis og tengingar við Vestmannaeyjar.
- Skýrt hlutverk stofnana og hagsmunaaðila, innan og utan svæðis.
- Orkuskipti.

ÁSKORANIR

- Náttúran.
- Kyrrð og hreinleiki.
- Fjölbreytt afþreying.
- Staðsetning.
- Nálægð við höfuðborgina.
- Góðar samgöngur.
- Samstarf innan svæðis.
- Jarðminjaferðamennska.
- Matarauður.
- Sýnileiki.
- Hálendisþjóðgarður.
- Fjölgun áfangastaða.
- Mannauður.

TÆKIFÆRI

- Náttúruvegurð.
- Góð þjónusta.
- Ævintýri fyrir alla.
- Sögu- og menningartengd ferðaþjónusta.
- Jarðfræðiferðamennska.
- Samræming í göngu- og hjólaleiðum.
- Uppbygging á göngu- og hjólaleiðum.
- Hægari ferðamennska.
- Upplifunarferðamennska.
- Lengri dvalartími.
- Þekking heimamanna.
- Minnka álag á stærstu áfangastaðina.
- Framleiðsla á aðgengilegu prentefni og ljósmyndum.
- Sjálfbærni.
- Meet the locals, hverstagsleikinn.
- Bættar samgöngur.

ÁHERSLUR

- Efling jarðvangsins.
- Byggja upp skýrari svæðistilfinningu.
- Aukið samtal ferðaþjónustuaðila og stjórnsýslu á öllu svæðinu.
- Styrkja grunninnviði samfélagsins.
- Styrkja mannauðinn.
- Betri almenningsamgöngur, flug og á landi.
- Uppbygging og viðhald á áfangastöðum.
- Áframhald á góðri samvinnu og skilgreina markaðsþörf.
- Vinna með aðgengi fyrir fatlaða, fræðslu og upplifun fyrir börn.
- Saga hafnlausu strandarinnar, Skaftfellingur, skipsströndin á - Meðallandsfjöru, Landeyjafjara og áhrif á mannlíf. Möguleg speglun á vitaleiðina.
- Tengja þéttbýlin saman með göngu og hjólaleiðum, fleiri hringleiðir og hálf dags gönguleiðir.
- Vinna með Nýja hraunið í Vestmannaeyjum, græða upp, skipuleggja og leggja gönguleiðir.
- Byggja upp aðstöðu fyrir ósund Klaufinni í Vestmannaeyjum.
- Skoða möguleika á Zipline í Vestmannaeyjum.

HUGMYNDIR AÐ AÐGERÐUM